

**50. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í fundarherbergi 1. hæð,
Stillholti 16-18,
16. janúar 2018 og hófst hann kl. 18:00**

Fundinn sátu:

Ingþór B. Þórhallsson formaður, Guðmundur Claxton aðalmaður, Þórunn María Örnólfssdóttir aðalmaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Helga Kristín Björgólfssdóttir aðalmaður, Jónella Sigurjónsdóttir fulltrúi Hvalfjarðarsveitar og Ella María Gunnarsdóttir forstöðumaður menningar- og safnamála.

Fundargerð ritaði: Ella María Gunnarsdóttir, forstöðumaður menningar- og safnamála.

Fyrir tekið:

1. 1709091 - Staða verkefna í byggðasafni, bókasafni og héraðsskjalasafni - 2017

Forstöðumaður fer yfir stöðu verkefna.

Forstöðumaður kynnti stöðu verkefna á byggðasafni, bókasafni og héraðsskjalasafni. Meðal þess sem fram kom í máli forstöðumanns var að Beloxy ehf. hefur sagt upp samningi um rekstur Garðakaffis. Nefndin þakkar rekstraraðila fyrir liflegt og gott samstarf og óskar þeim velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Jónella Sigurjónsdóttir vék af fundi.

2. 1801047 - Opnunartími á Héraðsskjalasafni

Forstöðumaður leggur fram tillögu um breytingar á opnunartíma.

Nefndin samþykkir tillögu um breytingar á opnunartíma þannig að Héraðsskjalasafn Akraness verði framvegis opið skv. samkomulagi.

Eftir sem áður mun starfsfólk safnsins ávallt veita þjónustu þegar þau eru í húsi.

3. 1704074 - Gullaldarlið ÍA - áskorun til bæjarstjórnar

Erindi vísað frá bæjarráði til úrvinnslu menningar- og safnanefndar.

Nefndin felur formanni og forstöðumanni að vinna að málín.

4. 1801058 - Menningar- og safnamál - Starfsáætlun 2018

Umræða um viðburði ársins 2018.

Írskir vetrardagar munu fara fram 15.-17. mars, Írskir dagar 5.-8. júlí og Jólatrésskemmtun á Akratorgi 1. desember.

Ákvörðun um tímasetningu á Menningarhátíðinni Vökudagar bíður þar til ljóst er hvenær vetrarfí grunnskólanna verður.

5. 1703123 - Stefnumótun í menningar- og safnamálum 2017

Forstöðumaður leggur fram tillögu að næstu skrefum í stefnumótun í menningar-


40 -
EMLA

og safnamálum.

Sérstakur úrvinnslufundur nefndarinnar verður haldinn í febrúar og stefnt að því að halda opin fund um menningarmál í mars.

6. 1711170 - Styrkir vegna menningar- íþróttá- og atvinnumála

Umsóknir um styrki vegna menningarmála lagðar fram.

Nefndin fór yfir styrkumsóknir og felur forstöðumanni að koma tillögu nefndarinnar á framfæri við bæjarráð. Mikil ánægja var með hversu margar umsóknir bárust að þessu sinni og þakkar umsækjendum fyrir. Nefndin telur að skerpa þurfi á áhersluatriðum í umsóknarferli og mun vinna að tillögum þess efnis.

Ingþór Bergmann Þórhallsson vék af fundi undir umfjöllun um umsókn Kórs Akraneskirkju.

7. 1503240 - Merkingar á útilistaverkum og öðrum markverðum stöðum

Forstöðumaður upplýsir um nýafstaðnar merkingar á útilistaverkum.

Merkingum var komið upp við verkin Tálbeitan eftir Bjarna Þór og Himnaríki eftir Jónínu Guðnadóttur á árinu 2017. Á næstu dögum verður komið upp merkingu við Sjómanninn á Akratorgi eftir Martein Guðmundsson.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 22:00.

Tað er B. Þórhallsson.
Gestuvefur Ólafur
Guðmundur
Þórunn María Ógveldsd.
Hilga K. Þórgylfðal.
Ella María Guðmundsd.